



Jón Árnason

Bjarni Benediktsson – Jón Árnason – Landsbanki Íslands – Útvegsbanki Íslands – Vöruskipti Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jon Amason.

Eg hefi reynt að gera mér grein fyrir viðskiftum við útlönd árið sem leið og komist að eftirfarandi niðurstöðu :

Vöruskifti Íslands við önnur lönd voru hagstæð um 7,3 milj. króna. Af þessari fjárhæð skulduðu þýskir og ítalskir bankar Landsbanka Íslands um 2 milj. króna fyrir útfluttar vörur, en þessar skuldir verða einungis greiddar með vörum. Höfum vér því ekki til umráða á árinu til annara erlendra útgjalda en vörukaupa, nema 5,3 milj. króna. Við þessa fjárhæð má svo bæta duldu tekjum, en það eru tekjur af komu erlendra ferðamanna, viðskiftum erlendra skipa, sem hingað koma o.s. frv. Er erfitt að áætla þetta, en vart munu þessar "duldu tekjur" yfirstíga 1 milj. króna á ári. Höfum vér þá haft til umráða, til annara útgjalda, en vörukaupa, um 6,3 milj. króna, árið sem leið.

I.

Hvað höfum vér svo þurft að greiða mikið til útgjalda árið 1937, umfram vörurnar, sem fluttar voru til landsins :

Það er í stuttu máli þetta :

Vexti og afborganir af skuldum

ríkis, bæjarfélaga, banka o.fl.,

samkvæmt skýrslu Landsbanka Íslands kr. 6.147.000.00

AÐ AUKI :

Vexti af yfirdráttarlánunum

Landsbanka Íslands um - 300.000.00

Útvegsbanka Íslands h/f. (áætlað) - - 100.000.00

Yfirfært til sendiherraskrifstofunnar

í Kaupmannahöfn - 555.000.00

Vexti af erlendum bankalánunum S.Í.S. - 80.000.00

Samtals kr. 7.182.000.00/

Flyt:

Fluttar kr. 7.182.000.00

Hér við bætast ýms útgjöld önnur, sem ég get aðeins áætlað eftir líkum, en sjálfsagt er hægt að fá vitneskju um með nokkurri rannsókn. Helstu liðir þessara útgjalda eru :

1. Eyðsla Íslendinga í ferðalögum og við dvöl erlendis.
2. Vaxtagreiðslur og afborganir af erlendum skuldum einstakra manna og einkafyrirtækja.
3. Iðgjöld, flutningsgjöld með erlendum skipum, sem flytja vörur til "clearing"-landanna o.fl.

Áætla ég þetta minst um 2.500.000,00

Samtals Kr: 9.682.000,00

Framangreind skýrsla tekur yfir þær greiðslur til útlanda, sem venjulega eru kallaðar "duldar greiðslur". En það getur þó ekki talist réttnefni, nema um þann hluta þeirra, sem áætla verður s.s. eyðslu íslenskra manna erlendis o.fl. af svipuðu tagi.

Samkvæmt framansögðu höfðum vér til umráða af andvirði útfluttra vara, kr. 6.300000.00 til annara útgjalda en vörukaupa. "Duldu greiðslurnar" námu kr. 9.700.000.00, svo þá hefir vantað tæpar kr. 3.400.000.00 til þess að ná greiðslujöfnuði við útlönd.

Viðskiftaástandið er þó í raun og veru miklu verra en þetta, því á árinu 1937 jukust að miklum mun lausaskuldir landsmanna í útlöndum. Ég hefi fengið upplýsingar um þessar skuldaaukningar hjá eftirtöldum stofnunum :

| | |
|--------------------------|---------------------|
| Áfengiseinkasalan | kr. 232.000.00 |
| Tóbakseinkasalan | - 218.000.00 |
| Raftækjaeinkasalan | - 116.000.00 |
| Bifreiðaeinkasalan | - <u>106.000.00</u> |
| Flyt: | kr. 672.000.00 |

| | | |
|---|---------|-------------------|
| | Fluttar | kr. 672.000.00 |
| Póstur og sími | - | 50.000.00 |
| Áburðareinkasalan | - | 11.000.00 |
| S.Í.S. | - | 1.005.000.00 |
| Kaupfélag Árnesinga | - | 50.000.00 |
| Innst. erlendra firma í Landsbanka Ísl, | - | 168.000.00 |
| - - - - Útv.banka Ísl. | - | <u>405.000.00</u> |
| | | Kr.2.361.000.00 |

Yfirdráttarskuldir

bankanna lækkuðu

á árinu um kr. 375.000.00

Skuld Viðtækjaeinka-

sölnnar lækkaði

á árinu um - 44.000.00

Koma þá til frádráttar - 419.000.00

Lausaskuldir hafa þá aukist um kr.1.942.000.00

Þeins hjá þeim fyrirtækjum, sem hér eru nefnd. Sé þessari aukningu lausaskuldanna bætt við, hefir vantað um kr. 5.300.000.00 til þess að ná greiðslujöfnuði við útlönd, en sé innstaðan í Ítalíu og Þýskalandi dregin þar frá, verður greiðsluhallinn um kr. 3.300.000.00 árið sem leið, og er þó ótalið það, sem einkafyrirtæki og einstaklingar, kunna að hafa aukið lausaskuldir erlendis á árinu.

II.

Á yfirstandandi ári aukast enn hinar svonefndu "duldu greiðslur".

Afborganir af lánum ríks,

bæjarfélaga, banka o.fl. nema

eftir skýrslu Landsbanka Íslands kr. 7.914.000.00

Vextir af yfirdr.lánum L.Í. um - 3.000.000.00

- - - S.Í.S. - - 100.000.00

Til sendiherraskrifst. í Kbh. - - 555.000.00

Vextir og afb.af Hjalteyrarverksm. - - 140.000.00

Samtals Kr: 9.009.000.00

Fluttar: kr. 9.009.000.00

Hér við bætist :

Vextir og afborganir

af skuldum einkafyrir-

tækja, iðgjöld, eyðsla

Íslendinga í ferðalögum

erlendis o.fl., áætl. kr.2.750.000.-

Eigi að greiða upp á

árinu aukningu lausa-

skulda ríkisfyrirtækja,

S.Í.S. o.fl., samkvæmt

I, nemur það um - 2.361.000.00 - 5.111.000.00

Samtals Kr:14.120.000. 00

"Duldu greiðslurnar" nema þá samkvæmt framansögðu um 14 milj. króna. Séu "duldu tekjurnar" dregnar frá, og ég giska á að þær geti numið alt að 1 milj. króna, verður að greiða í frjálsum gjaldeyri um 13 milj. króna. Til að inna þessar greiðslur af höndum, höfum vér ekki annað en þann frjálsa gjaldeyri, fyrir útfluttar vörur, sem eftir verður, þegar búið er að greiða innfluttar vörur, sem keyptar verða fyrir frjálstan gjaldeyri.

Reykjavík, 20. febrúar 1938

Á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands 2. þ.m. lagði formaður bankaráðsins fram meðfylgjandi greinargerð um gjaldeyrismál árið sem leið og á yfirstandandi ári. Var á fundi þessum allmikið rætt um viðskiftin við útlönd yfirleitt, en engar ályktanir samþykktar. Gjalddeyrismálin voru síðan tekin aftur til umræðu þ. 11. þ.m. Lagði þá formaður fram til ábendingar og umræðu, í sambandi við gjalddeyrismálin, það sem hér fer á eftir og fylgdi því nokkur greinargerð :

"Vegna þessa í-skyggilega útlits utanríkisviðskifta okkar á yfirstandandi ári, vil ég benda stjórn bankans á eftirfarandi atriði:

"1. Að beina lánsfé bankans sem mest til framleiðslu útflutningsverðmæta og þeirra nauðsynja, sem notaðar eru í landinu, og landsmenn geta ekki án verið.

"2. Að bankinn láni ekki fé, ef ætla má, að það verði notað sem eyðslueyrir, eða til framkvæmda, sem telja má lítt nauðsynlegar, þó nægar tryggingar séu í boði fyrir slíkum lánum. Lán til verslunar séu takmörkuð eftir því sem unt er, og þær verslanir látnar sitja í fyrirrúmi um lánsfé, sem aðallega versla með nauðsynjavörur.

"3. Að beita áhrifum sínum í Gjalddeyris- og innflutningsnefnd til að draga sem mest úr innflutningi að unt er, án þess að hér verði skortur á algengum lífsnauðsynjum og nauðsynjum til framleiðslunnar.

"4. Að samráð verði höfð um það við Útvegsbanka Íslands, að koma á föstum venjum um úthlutun gjalddeyris og sé yfirfærsla gjalddeyris fyrir nauðsynjavörur látin sitja í fyrirrúmi. Gangist bankinn fyrir því, að sett sé þriggja manna nefnd, sinn maðurinn frá hvorum banka og formaður Gjalddeyris- og innflutningsnefndar, til að gera uppkast að reglum um gjalddeyrisúthlutunina, sem lagt sé fyrir bankaráðin.

"5. Að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því, að engin gjalddeyrisleyfi verði veitt, nema öruggt sé, að gjalddeyris verði fyrir hendi, þegar leyfin þarf að nota.

"6. Að athuga, hvort ekki verði hægt að koma á sameiginlegum umræðufundum milli stjórna allra bankanna um bankamál og almenn viðskiftamál og atvinnumál.

"7. Að endurtaka við fjármálaráðherra þá samþykkt bankaráðsins, að hann leggi fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, að annast yfirfærslur fyrir ríkissjóð í hlutfalli við þann erlenda gjalddeyri, sem bankinn hefir til umráða á hverjum tíma, samanboreið við þann erlenda gjalddeyri, sem Landsbanki Íslands hefir til umráða.

"8. Að beina því til fjármálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því, að Alþingi dragi úr öllum fjárframlögum til opinberra framkvæmda, sem líkleg eru til að auka erfiðleika landsins í viðskiftum við útlönd.

"9. Að fara fram á það við bæjarstjórnir, einkum bæjarstjórn Reykjavíkur, að draga úr öllum opinberum framkvæmdum, sem líklegar eru til að auka erfiðleika landsins í viðskiftum landsins við útlönd".

Flest ofangreind atriði voru eitthvað rædd, en aðallega snérist umræðurnar um innflutningshömlur og úthlutun gjalds-eyris.

Að loknum umræðum samþykkti bankastjórnin (bankaráð og framkvæmdarstjórn) tillögu um nefndarskipun til að semja reglur um úthlutun gjalds-eyris, samkvæmt 4. lið hér að framan.

Auk þeirra atriða, sem að framan getur, var rætt um eftirfarandi :

1. Gengisskráningu.
2. Samninga um lausaskuldir landsmanna í útlöndum.
3. Um seðlaútgáfu - Kom fram fyrirspurn um það, hvað liði tillögum þeim um inndrátt seðla Íslandsbanka, sem þeir gerðu á sínum tíma, Einar Árnason, Jón Baldvinsson og Jón Árnason.

Var ákveðið að halda annan fund um þessi mál í byrjun næstu viku. Jafnframt var samþykkt að beina þeirri ósk til yðar, hr. fjármálaráðherra, að þér vilduð mæta á þessum fundi.

Virðingarfyllst,

Til

FJÁRMÁLARÁÐHERRA,

Reykjavík.